

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Austurey I og III, Illósvegur/Vagnabraut.

Breytingin felur í sér að hluti vegar sem nú heitir Illósvegur mun heita Vagnabraut. Lóð undir smáhýsi verður merkt nr. 2 við Vagnabraut og óbyggð lóð verður merkt nr. 4. Gerð eru 6 ný bílastæði fyrir lóð nr. 2 og stærra bílastæði fyrir allt að 22 bíla við lóð nr. 4. Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. ágúst 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.